

LISTIR

Mario Lanza var enginn engill

Los Angeles. The Daily Telegraph.

MARIO Lanza, söngvarinn holdugi sem naut aðdáunar fólks um gjörvalla veröldina fyrir meðfædda hæfileika sína, var orðljótur maður með eindæmum og kynlífssjúkur, ef marka má nýja ævisögu hans.

Segir í bók Rolands Bessettes *Mario Lanza: Tenor in Exile* að Lanza, sem hét upphaflega **Alfred Corcozza** og var frá Philadelphiu, hafi m.a. átt í ástarsambandi við söng- og leikkonuna **Judy Garland** og jafnframt notið blíðu urmuls vændiskvenna.

Lanza var einungis 38 ára gamall þegar hann dó árið 1959 eftir afar óheilbrigt lífveri. Hafði hann þá selt tugi milljóna hljómplatna og leikið í átta kvikmyndum.

Kemur fram í bók Bessettes að Lanza tók óhóflegu lífveri Hollywood – stjarna opnum örmum og þegar hann var ekki að borða eða drekka frá sér allt vit eltist hann við hverja þá konu sem vildi þýðast hann - og stundum jafnvel þær sem alls ekki vildu þýðast hann.

Lét Lanza sig það litlu varða þótt hegðun hans hneykslaði



MARIO Lanza

samstarfsfólk og lék sér reyndar að því að hrella mótleikara sína. Gekk hann eitt sinn svo langt í dónaskap sínum við leikkonuna **Doretta Morrow** að kvikmyndaverið, sem framleiddi myndina *Because you're mine*, sá sér þann kost vænstan að ráða handa Morrow lífvörð sem síðan lést vera bróðir hennar.

Sagði lífvörðurinn við Lanza að ef hann hagaði sér ekki skikkanlega myndi hann berja hann til óbóta.

Skemmtilegt Himnaríki

HIMNARÍKI, leikrit Árna Ibsens, hefur fengið mjög góða dóma í Svíþjóð og hafa borist fleiri lofsamlegar umsagnir blaða. Sveri Hansell skrifar t.d. í Dagens Nyheter um íslenskan gamanleik hjá Upsala stadsteater og segir snilldarlegt að skipta verkinu í tvo hluta sem leiknir séu samtímis.

Leikstjórinn **Peter Engqvist** segir í viðtali í Upsala Nya Tidning að leikritið sé eitt það skemmtilegasta sem hann hafi lesið, geggjúð skemmtun.

Í Svenska Dagbladet veltir **Sara Granath** fyrir sér amerískum áhrifum á Íslandi og telur Himnaríki til marks um þau, m.a. vegna þess hve samtöl séu enskuskotin. Alf Karlström í Upplands Nyheter segir sýninguna með afbrigðum skemmtilega og markvissa. Stig Jonasson í Örebro-Kuriren tekur undir með því að leggja áherslu á skemmtanagildi verksins, í senn vegna formsins og fyrir hömlulaust framlag leikaranna ungu.

Láttu ekki deigan síga, Guðmundur frumsýnt á Breiðumýri

LEIKRITIÐ Láttu ekki deigan síga, Guðmundur eftir Hlín Agnarsdóttur og Eddu Björgvinsdóttur verður frumsýnt að Breiðumýri í Reykjadal í Suður-Pingeyjarsýslu föstudaginn 12. febrúar kl. 20.30.

Það er Leikdeild Ungmennafélagsins Eflingar og nemendur Framhaldsskólans á Laugum sem að sýningunni standa. Tónlist skipar veglegan sess í sýningunni og er höfundur hennar Jóhann G. Jóhannsson píanóleikari en hljómsveitar- og tónlistarstjóri sýningarinnar er Valmar Völjeots, skólastjóri Tónlistarskóla Reykdæla. Leikstjóri er Arnór Benónýsson, sem setur nú upp verk að Breiðumýri þriðja árið í röð.

Sýningum verður svo framhaldið næstu helgar.

Lífæðar 1999 á Akranesi

MYNDLISTAR- og ljóðasýningin Lífæðar verður opnuð á Sjúkrahúsi Akraness föstudaginn 12. febrúar kl. 15. Sýningin var fyrst opnuð á Landspítalanum í Reykjavík 8. janúar og var vegleg sýningarskrá gefin út í tilefni sýningarinnar.

Frá Sjúkrahúsi Akraness mun sýningin halda áfram ferð sinni kringum landið en þann 19. mars verður opnað á Ísafirði.

Sýning framlengd

SÝNING Ásgerðar Búadóttur í Gallerí Ingólfsstræti 8 verður framlengd til sunnudagsins 21. febrúar.

A sýningunni eru níu vefverk sem hún hefur unnið á síðasta ári, sérstaklega fyrir sýningarrýmið í Ingólfsstræti 8.

Galleríð er opið fimmtudaga til sunnudaga kl. 14–18.

Upplstur í Kópavogi

UPPLESTUR verður í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, fimmtudaginn 11. febrúar frá kl. 17–18.

Að þessu sinni mun Kristján Hreinsson (Hreinsmögur) ljóðskáld með meiru lesa úr verkum sínum.

Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



DJASSTRÍÓIÐ Svartfugl.

Djass í Djúpinu

DJASSTRÍÓIÐ Svartfugl heldur tónleika í Djúpinu, kjallara veitingastaðarins Hornið við Hafnarstræti, fimmtudagskvöldið 11. febrúar kl. 21.

Tríóð mun flytja eigin útsetningar af verkum eftir Cole Porter, eitt af

helstu tónskáldum bandarískrar djass- og dægurlagamennningar. Svartfugl skipa Sigurður Flosason saxafónleikari, Björn Thoroddsen gítarleikari og Gunnar Hrafnsson bassaleikari.

Alan James sýnir í Horninu

ALAN James opnar sýningu á olfumálverkum og verkum unnum með blandaðri tækni í Gallerí Horninu, Hafnarstræti 15, á laugardaginn kl. 16.

Alan stundaði myndlistarnám í Myndlistaskóla Akureyrar 1994–97. Hann hefur haldið nokkrar einkasýningar, og tek-ið þátt í samsýningu.

Sýningunni lýkur miðvikudaginn 3. mars og verður opin alla daga kl. 11–24, en sérinn-gangur opin kl. 14–18.



FYRSTU snjóar, eftir Alan James.


mora

Blöndunartæki

Moraterm sigild og stílhrein.

Með Moraterm er alltaf kjörhiti í sturtunni og öryggi og þægindi í fyrirrúmi.

Mora sænsk gæðavara.



Heildisöludreifing:

TENGIL

Smíðjuvegi 11, Kópavogi
Sími 564 1088, fax 564 1089

Fæst í byggingavörðslunum um land allt.

Sýningum lýkur

Norræna húsið

DEADIT – Sjónhverfingum, sýningu á verkum fimm samískra listakvenna, lýkur nú á sunnudag.

Ráðhúsið

Ljósmýndasýningu Magnúsar Baldvinssonar í Ráðhúsinu lýkur núna um helgina.

Stöðlakot

Sýningu Guðmundar Odds - „Úr Goddaveri“ í Gallerí Stöðlakoti lýkur á sunnudaginn. Opíð er daglega klukkan 14 - 18.

mbl.is

ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT

Richard Boone

Eftir Vernharð Linnét

EINN litríkasti djassleikari okkar heimshluta, básúnbálarinn og söngvarinn Richard Boone, er látinn tæplega 69 ára gamall.

Það þurfti ekki að koma þeim sem til þekktu á óvart. Hann hafði verið hlekkjaður við súrefniskútinn síðasta ár og er vinur hans, Tony Bennett, hélt stórtónleika á Kaupmannahafnarjassháttíðinni í sumar sat Richard í búningsskelfa söngvarans og fylgdist með tónleikunum af sjónvarps-skermi. Hann kunnir ekki við að sitja í salnum fastur við kútinn. Rúmum mánuði áður hafði hann haldið tónleika í Copenhagen Jazz House þar sem hann söng ballöður og gamlir félagar m.a. Ed Thiugpen, Bob Rockwell, Bent Jædig og Fin Ziegler léku með. Þeir fóru í hljóðver daginn eftir og afraksturinn er kominn út á disk: A Tribute to Love (Stunt).

Richard Boone heimsótti Ísland í tvisgang. Í fyrsta skiptið á RúRek djassháttíðinni 1992. Hann lék á opunartónleikunum í Ráðhúsinu og á Púlsinum og hefur oft mátt heyra hann í Sjónvarpinu syngja What a wonderful world með íslenskri hrynsveit. Að mínu viti er hann eini maðurinn sem söng það lag með rétttri tilfinningu þegar meistari Armstrong er undanskilinn.



RICHARD Boone heimsótti Ísland í tvisgang. Hér blæs hann í básúnuna á opunartónleikum RúRek 1992.

Richard kom hér einnig ásamt Bent Jædig árið 1995 og léku þeir á tuttugu ára afmælishátíð Jazzvakningar á Ömmu Lú, auk þess sem Richard hélt tónleika í Menningarstofnun Bandaríkjanna.

Þar endurvöktu þeir félagar þann fræga Boone/Jædig-kvintett með íslenskri hrynsveit.

Heilsa Richards var þá orðin bágborin, en hann hafði básúnuna meðferðis og blés í hana tvö lög. Er það trúlega í síðasta skipti sem hann blés í básúna á tónleikum – lungun voru nær ónýtt og söngurinn hafði ætíð verið honum hugstæðari en básúnuleikurinn.

Eg man fyrst eftir Richard Boone í gamla Montmartre við Store Regnegötu í Kaupmannahöfn það herrans ár 1973. Þá lék hann með Radioend bigband, ekki óvanur slíku, hafði verið liðsmaður Count Basies frá 1966–69. „Hinn óviðjafnanlegi, ótrúlegi og einstæði Richard Boone,“ sagði Basie jafnan þegar hann kynnti hann sem söngvara. Hann fæddist í Little Rock en Kaupmannahöfn var hans heimatborg síðasta aldarfjórðunginn.

Boone átti marga aðdáendur í djassheiminum, jafnt á Íslandi sem annars staðar og það er skarð fyrir skildi er kappar á borð við hann hverfa á braut. Með tónlist sinni og ljúflyndi gerði hann heiminn dásamlegri en ella.